

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1970.

Árið 1970 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 5 500.00
b. Karlar	— 5 000.00
c. Konur	— 3 750.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 48.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1970 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 2 800.00
b. Konur	— 2 000.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMNINGUR

milli Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins um gjald fyrir heilsuvernd í skólum.

1. gr.

Greiðsla til lækna, er annast heilsuvernd í skólum samkvæmt reglugerð nr. 214 frá 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, með áorðnum breytingum (nr. 196/1965 og nr. 284/1966), skal vera sem hér segir, miðað við skólaár:

1. Fyrir hvern nemanda í barnaskóla, kr. 58.51.
2. Fyrir hvern nemanda í gagnfræðaskóla og öðrum framhaldsskólum, kr. 46.80.

2. gr.

Ofangreindar gjaldfjárhæðir eru grunngreiðslur, og skulu þær frá og með 1. september 1969 að telja sæta vísitölubreytingum eftir sömu reglum og laun ríkisstarfsmanna.

3. gr.

Ferðakostnaður héraðslækna vegna skólaskoðunar greiðist í samræmi við ákvæði gildandi samnings milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu ferðakostnaðar í læknisvitjunum.